

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um heilsugæslulækna á höfuðborgarsvæðinu.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hve margir heimilis- og heilsugæslulæknar eru starfandi samtals á höfuðborgarsvæðinu?
2. Hve margir starfa við hverja heilsugæslustöð í Mosfellsbæ, á Seltjarnarnesi, í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði?
3. Hversu mörgum íbúum er hverjum lækni ætlað að sinna?
4. Hversu margar nýjar stöður heilsugæslulækna hafa verið heimilaðar af hálfu heilbrigðisráðuneytisins á árunum 2000 og 2001?
5. Hve mörgum stöðum heilsugæslulækna var óskað eftir í fjárlagatillögum heilsugæslustöðvanna á umræddu svæði fyrir árin 2000, 2001 og 2002?
6. Hvað áformar heilbrigðisráðuneytið að veita leyfi fyrir mörgum nýjum stöðum heilsugæslulækna á næsta ári?

Skriflegt svar óskast.